

# HAMPFÉLAGIÐ

Reykjavík, 12. október 2023

## Umsögn Hampfélagsins

### um tillögu til þingsályktunar um þróunaráætlun og tilraunaverkefni fyrir ræktun lyfjahamps og notkun kannabislyfja í lækningaskyni

154. löggjafarþing 2023-2024, þingskjal 8 - 8. mál

#### Verkefnið

Hampfélagið fagnar því að þingsályktunartillaga um ræktun lyfjahamps og notkun kannabislyfja í lækningaskyni sé lögð fram. En þar sem verið er að leggja hana fram í þriðja sinn leggur félagið til að verkefnið sé einfaldað og skipt upp í smærri verkefni.

- **2024:** Ræktun á lyfjahampi til útflutnings. Fyrirtækjum veitt leyfi til að rækta kannabis til útflutnings. Engar takmarkanir á því hvaða yrki megi nota, enda markmið fyrirtækja að framleiða sem besta vöru.
- **2024:** Læknum verði heimilt að ávísa kannabislyfjum til sjúklinga sem þurfa á því að halda. Aðgengi sjúklinga ætti ekki að vera bundið við kannabislyf framleidd úr lyfjahampi sem er ræktaður á Íslandi. Lyfjahampur er löglegur í mörgum Evrópulöndum og engin ástæða til að hamla aðgengi að slíkum lyfjum á Íslandi. Fyrirtæki eins og Aurora sem dæmi, markaðssetur vörur sínar víða í Evrópu þó þær séu framleiddar í Hollandi, úr hampi sem meðal annars er ræktaður í Danmörku.
- **2025:** Fyrirtækjum verði heimilt að framleiða fullbúna vöru og markaðssetja bæði á Íslandi og erlendis. Árið 2025 ætti að vera komin reynsla á ræktun á Íslandi og eðlilegt að þau fyrirtæki sem stunda ræktunina á Íslandi fái að fullvinna vöruna og markaðssetja.

#### Ræktunin

Hampfélagið leggur áherslu á að vinnsla lyfjahamps sé ekki einskorðuð við yrki af tegundinni Cannabis Sativa því þar með fækkar verulega þeim yrkjum sem hægt er að nota í framleiðsluna. Sativa er planta með lágt THC gildi sem er einmitt það efni sem sóst er eftir í lyfjahampi og Sativa því ekki vænlegt til vinnslu kannabislyfja. Eins og sést á þessum vörum Aurora er ekki einungis notað yrkið Cannabis Sativa heldur aðallega Cannabis Indica.

#### Aðgengi sjúklinga

Gera ætti sjúklingum kleift að nálgast kannabislyf með lyfseðli frá sínum lækni óháð því hvort lyfjahampurinn sem notaður var til framleiðslu lyfsins var ræktaður á Íslandi eða erlendis.

# HAMPFÉLAGIÐ

Aurora sem dæmi, er kanadískt félag sem er með dótturfélag í Berlín sem heitir Aurora Europe. Aurora Europe er með ræktun á lyfjahampi í Óðinsvéum í Danmörku, Frakklandi, Póllandi og víðar.

Ræktunin í Danmörku fer fram í 9.200 fm byggingu en í henni er hægt að framleiða allt að 10.000 kg af lyfjahampi árlega. Hampurinn er svo sendur til fullvinnslu í Hollandi.

Aurora Europe hefur verið í sambandi við Hampfélagið og hefur áhuga á ræktun á Íslandi. Hampfélagið stefnir að því að heimsækja Aurora Europe í Óðinsvéum á næstunni til að fræðast meira um framleiðsluna.

## Samfélagsábyrgð

Á Íslandi sem og í mörgum öðrum löndum, ríkir ópíóðafaraldur þar sem einstaklingar eru að láta lífið vegna ofneyslu slíkra lyfja. Algengt er að fólk ánetjist ópíóðum á spítala eða í meðferð eftir t.d. aðgerðir, en þá eru ópíóðalyf notuð sem verkjastilling. Lyfjahampur getur komið í stað ópíóða til verkjastillingar án þess að hætta sé á ofneyslu og/eða dauða.

Áríðandi er að takmarka ekki notkun kannabislyfja við örfáa sjúkdóma eins og MS, krabbamein og nokkra aðra algenga sjúkdóma sem nefndir eru í „dönsku leiðinni“. Læknum á að vera treystandi til að ávísa kannabislyfjum til sinna sjúklinga án takmarkandi þátta.

Dæmi um sjúkdóma sem verða útundan eru yfir 7000 sjaldgæfir sjúkdómar<sup>1</sup> sem heilbrigðisstarfsmenn hafa takmarka þekkingu á. Sjaldgæfir sjúkdómar hafa oft á tíðum fá, jafnvel engin meðferðarúrræði, þ.e.a.s. það eru ekki til nein sértæk lyf við þessum sjúkdómum og því einungis verið að meðhöndla einkenni sjúkdómanna.

Kannabislyf gætu verið gott meðferðarúrræði við þessum sjúkdómum og því afar slæmt að útiloka þá sjúklinga sem þjást af þeim með því að heimila eingöngu notkun þeirra við örfáum algengum sjúkdómum. Hampfélagið leggur því til að einstakir sjúkdómar séu ekki nefndir svo fullt jafnræði sé meðal sjúklinga.

Að lokum viljum við nefna að við erum tilbúin til að koma að starfshópnum sem skipaður verður komist þessi þingsályktunartillaga á næsta stig.

*F.h. Hampfélagsins*

Þórunn Þórs Jónsdóttir, formaður  
Gunnar Dan Wiium, gjaldkeri

*Ráðgjafaráð Hampfélagsins*

Oddný Anna Björnsdóttir  
Sigurður Hólmar Jóhannesson

---

<sup>1</sup> Dæmi um sjaldgæfa sjúkdóma sem kannabislyf gætu gagnast við: Alternating Hemiplegia of Childhood, Dravet Syndrome, Duchenne Muscular Dystrophy, Tuberous sclerosis complex, Mitochondrial disease, Behçet's disease, Neuromyelitis Optica, Ehlers-Danlos syndrome, Pemphigus, Myoclonus diaphragmatic flutter, Familial Mediterranean fever, CDKL5 deficiency disorder og Williams syndrome.